

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps.

II. RAFORKA

Rafveit Snæfjallahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

- | | |
|--------------------------------------|----------------------------|
| a. Aflgjald | kr. 1600.00 á kwst. á ári. |
| b. Orkugjald: | |
| Af allri notkun | — 0.30 á kwst. |
| Af notkun yfir aflst. til viðb. | — 4.00 á kwst. |

Leiga á einum mæli er innifalin í afganginu.

B. Lýsing og önnur notkun.

- a. Um kwst.mæli á kr. 7.00 hverja kwst.
- b. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal. Fastagjald reiknast kr. 20.00 á m² á ári.
- c. Útlýsing fyrir 1 ljósker, tengt lágspennuheimtaug, kr. 1000.00 á ári.

C. Önnur raforkunotkun.

Alla raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir sérstökum samningi við rafveitunefnd að fengnu samþykki hreppsnefndar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Af mælitækjum og rofum skal taka leigu samkvæmt gjaldskrá Héraðsrafveitna ríkisins eða ársleiga vera sem næst 20% af verði tækisins.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefnd ákveður heimtaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal það vera sem næst kostnaðarverði.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 500.00 í opnunargjald.

2. Ef fundinn er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnað aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 500.00 í opnunargjald.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kwst.mælum í síma þegar óskað er, en reglulegur aflestur fer fram ársfjórðungslega.
Reikningar fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefur borist notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgurrkunarmótora og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra tækja við tiltekna tíma sólarhrings. Rafveitustjóra skal tilkynnt áður en slík tæki og straumfrek eru tekin í notkun.
3. Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari í samræmi við kaupgjald og verðlag, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

22. desember 1969.

Nr. 320.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu.

I. KAFLI

1. gr.

Á almannafæri mega uppbót eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þar sem talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, afgreiðslustaði bifreiða o. s. frv. Um kvikmyndahús, almenn samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktarinnar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, svo sem við dyr kirkna, leikhúsa eða annarra samkomustaða, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Bannað er að hafast að nokkuð það, sem raskar næturro manna, og enginn má að ástæðulausu herja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum, eða hafa í frammi annars konar háttsemi, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.